

**Sp. 509. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]**

um athugun á raforkuöflunarleiðum fyrir Norðlendinga.

Flm.: Magnús Jónsson, Lárus Jónsson, Gunnar Gíslason, Björn Jónsson, Pálmi Jónsson, Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga, sem kanni hið allra fyrsta, hver sé hagkvæmasti og öruggasti kostur til raforkuöflunar fyrir Norðlendinga. A. m. k. tveir menn í nefndina skulu tilnefndir af Fjórðungssambandi Norðlendinga. Nefndin skal ljúka störfum svo fljótt sem auðið er.

**Greinargerð.**

Fjórðungssamband Norðlendinga hefur um nokkurt skeið freistað þess að skipaða samstarfsnefnd í orkumálum með ríkisstjórninni til þess að gera heildarathugun á því, með hvaða hætti verði á hagkvæmastan og öruggastan hátt leyst úr þeim geigvænlega vanda í orkumálum fjórðungsins, sem nú blasir við. Í marz s. l. ítrekaði Fjórðungssambandið þessar óskir sínar og skoraði jafnframt á þingmenn Norðurlands, „að þeir beiti áhrifum sínum til þess, að skipuð verði nefnd ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga til þess að gera hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og dreifingu raforku á Norðurlandi með það fyrir augum að finna hagkvæmstu leiðir til lausnar þeirra vandamála, er við á á þessu sviði.“ Flm. þessarar till. vilja með tillöguflutningi þessum leitast við að verða við þessari ósk, sem samþykkt var einróma í fjórðungsráði.

Á sama fundi samþykkti fjórðungsráð almenna ályktun í orkumálum, sem fer hér á eftir: „Fjórðungsráð Norðlendinga telur ástand orkumála á Norðurlandi með öllu óviðunandi og geti svo farið, að orkuskortur hefti framþróun í fjórðungnum á næstu árum. Telur ráðið, að mjög skjótra aðgerða sé þörf, ef komast á hjá vandræðum. Það er skoðun fjórðungsráðs, að með ákvörðunum, sem Fjórðungssamband Norðlendinga hafi ekki átt aðild að, hafi ríkisstjórnin í reynd tekið til sín af heimamönnum frumkvæði í orkumálum Norðurlands. Telur fjórðungsráð þetta mjög varhugavert og leggur áherzlu á, að slík mál eigi að leysa í samstarfi ríkisvalds og heimamanna. Ítrekar fjórðungsráð fyrri áskorun sína um, að skipuð verði hið fyrsta nefnd ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga, sem geri hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og dreifingu raforku á Norðurlandi. Verði sú leið til orkuöflunar valin, sem hagkvæmest reynist fyrir Norðurland og þjóðarheildina.“